

Ársming SSNE

Vefþing

9. og 10. október 2020

6. Hópar kynna niðurstöður úr hópastarfi

Hópur 1

Anna Karen Úlfarsdóttir, Axel Grettisson, Gunnar Gíslason, Hermann Gunnarsson, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, Sveinn Margeirsson og Ari Páll Pálsson.

Kolbrún Ada Gunnarsdóttir var talsmaður hóps 1:

Hvernig hefur tekist til?

- Mikil skilvirkni.
- Góðar upplýsingar.
- Fer vel af stað en e.t.v. of stuttur tími til að meta.

Hvað er vel gert og hvað má betur fara?

- Áhyggjur af því að vera föst í gamla tímanum, þ.e. að fólk þurfi að eiga ákveðna starfsstöð og mæta á skrifstofuna - sama vandamál og endurspeglar samskipti höfuðborgarinnar vs. landsbyggðarinnar.
- Hvernig nýtum við þau tækifæri sem eru að skapast?

Hverjar eru helstu áherslur og framtíðarsýn?

- Störf í þessari einingu verði án staðsetningar.
- Nýta betur fjarfundamenningu.
- Samskipti við ríkið og draga meira fjármagn inn á svæðið til að auka atvinnu á svæðinu - vilja sjá gerast hjá fleiri ráðuneytum.
- Byggja upp sameiginlega þekkingarklasa á svæðinu, t.d. mennta-, matvæla- og kolvetnisklasa og að SSNE virki þvert á svæðið.
- Byggja upp og styrkja atvinnulífið.
- Okkar þekkingarbrunnur og nýsköpun miði að því að byggja upp atvinnu hér á svæðinu.
- Erum mótvægi við höfuðborgina.
- Skoða sérfræðiþjónustu, t.d. í gegnum netið hvað varðar skólaþjónustu og barnavernd - eigum sérfræðinga sem hægt væri að nýta sameiginlega.

Auka sýnileiki, samtal og samstarf.

- Ánægja með fréttabréfið.
- Kynna sig fyrir fyrirtækjum til að þau þekki leiðirnar.
- Ánægð með heimsóknir í sveitarfélögin - gagnlegar og fræðandi fyrir þá sem ekki sitja þessa fundi á vegum SSNE.
- Gott að fá áminningu um styrki t.d.

Hópur 2

Árni Pétur Hilmarsson, Björg Erlingsdóttir, Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Halldóra Magnúsdóttir, Hilda Jana Gísladóttir, Sigríður Hlynur Snæbjörnsson og Nanna Steina Höskuldsdóttir.

Halldóra Magnúsdóttir var talsmaður hóps 2:

- Ánægja með gott samstarf sveitarfélaganna á SSNE svæðinu og bjartsýni með framhaldið.
- Skipulag og fyrirkomulag fundarins gott – sérstakt hrós til stjórnarinnar og um leið hvatning frá hópnum um að halda áfram með fjarfundi af þessu tagi.
- Gott samtal milli fulltrúa og fjarfundir góð leið til að skapa ákveðna nálægð – líka gott að hittast í raunheimum en fjarfundir frábær lausn sem vonandi er komin til að vera.
- Væntingar til framvindu í atvinnumálum á svæðinu - ánægð með fyrstu skref í þeim málum.
- Þarf að leggja áherslu á og efla matvælaframleiðslu í framtíðinni - gera í tengslum við atvinnu, nýsköpun, umhverfissjónarmið og sjálfbærni.
- Ánægja með sóknaráætlun og starfsáætlun 2020 - framsetningin góð og full ástæða til að halda áfram á sömu braut hvað það varðar.
- Samtal milli SSNE og sveitarstjóra til bóta en á sama tíma og skilningur er fyrir því að ekki er gott að hafa of marga í stjórn þá skapast ákveðin fjarlægð milli SSNE og sveitarfélaga sem eiga ekki fulltrúa í stjórn – sveitarfélög hafi áheyrnarfulltrúa í stjórn.
- Sveitarstjórnarfulltrúar áheyrnarfulltrúar - sérstaklega á fjarfundum sem þessum.
- Mikil ánægja með fréttabréf SSNE.
- SSNE miðstöð þjónustu við svæðið frekar en þriðja stjórnsýslustigið - upplifunin frekar miðstöð til að vinna að sameiginlegum verkefnum svæðisins.
- SSNE brú milli sveitarfélaganna og á fullt inni með enn frekari þróun í þá átt.
- Bjartsýni og ánægja með sameininguna, umræður góðar og samstarfið upplýsandi.

Hópur 3

Halla Björk Reynisdóttir, Helgi Héðinsson, Jón Þór Benediktsson, Sigríður Bjarnadóttir, Arnór Benónýsson, Charlotta Englund og Ottó Elíasson.

Ottó Elíasson var talsmaður hóps 3:

- Ánægja með sameiningarferlið.
- Tekist vel til í dreifðari byggðum – hvatt til að yrði áfram gert vel, sérstaklega í næstu skrefum þegar ný fagrað fara í virkni.
- Ánægja með fjarfundamenningu, talið stytta fjarlægðir milli fólks – sparar tíma og eykur afköst.
- Þörf fyrir aukna áherslu á umhverfismál.
- Ekki bíða lengi með stofnun fagraðs umhverfismála, ekki síst til að leggja málaflöknum pólitíska vigt – krafa um það í samfélaginu, ekki síst hjá yngri kynslóðinni.
- Umhverfismál ein af þremur meginstöðum sóknaráætlunar – þarf að sýna það í verki.
- Markmiðin metnaðarfull – má ekki bíða með.
- Mikill nýsköpunarkraftur á svæðinu – þarf að virkja hann með auknu fjármagni.
- Fjármagn þarf að koma frá ríkinu sem nýta í nýsköpun víða um land.
- Af hverju á fjármagnið að fara út á land? Hér er jarðnæði, orka, vilji til uppbyggingar og tækifæri.

- Uppbyggingin þarf að vera með formerkjum sjálfbærrar þróunar.

Hópur 4

Hafrún Olgeirsdóttir, Helga Helgadóttir, Siggeir Stefánsson, Sóley Björk Stefánsdóttir, Baldvin Valdemarsson, Finnur Yngvi Kristinsson og Lilja Guðnadóttir.

Sóley Björk Stefánsdóttir var talsmaður hóps 4:

- Mikil og góð samskipti við sveitarstjóra.
- Góðir upplýsingafundir með gestum og upplýsandi umræðu.
- Góðar samantektir eftir fundina.
- Sumir sveitarstjórar senda kjörnum fulltrúum samantekt eftir fundina, en ekki allir.
- Mætti senda fundargerðirnar út og/eða senda sveitarstjórnarfulltrúum boð um að vera áheyrnarfulltrúar á fundunum.
- Óþægilegt fyrir sveitarfélög sem eiga ekki fulltrúa í stjórn SSNE nema endrum og sinnum.
- Mikilvægt að leysa og gefa öllum sveitarfélögum tækifæri á að tengjast samstarfinu í gegnum stjórn, jafnvel í gegnum áheyrnarfulltrúa.
- Mikilvægt að færa fókusinn fljótt og vel á umhverfismál.
- Má ekki taka of langan tíma m.v. metnaðarfull markmið í sóknaráætlun.
- Stór verkefni framundan hjá sveitarfélögum, s.s. frárennismál, sorpmál o.þ.h.
- Erfitt að fá upplýsingar frá ráðuneytum um hvernig styrkjum verði úthlutað, hvaða kröfur verði gerðar o.fl.
- Ánægja með starfsemi SSNE sem hefur þróast og batnað á undanförunum misserum og samtökin færst nær almennu sveitarstjórnarfólki - betri upplýsingagjöf til almennings.

Hópur 5

Hjálmar Bogi Hafliðason, Ingibjörg Guðlaug Jónsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Ásthildur Sturludóttir, Njáll Trausti Friðbertsson og Rebekka Kristín Garðarsdóttir.

Katrín Sigurjónsdóttir var talsmaður hóps 5:

Hvað gengur vel?

- Almenn ánægja með hversu vel félagið fer af stað.
- Finna mun á upplýsingaflæði, fréttabréfin góð – vel uppsett og auðlesanleg.
- Meira að koma frá landshlutasamtökunum en áður.
- Ferskur blær í starfseminni.
- Gott þegar starfsmenn fara á vettvang og hitta kjörna fulltrúa.
- Sveitarstjórnarfundir góðir og gott að halda þá reglulega - hafa aukið samtal á svæðinu.
- Félagið að þróast í góða átt - nota tæknina og fjarfundi til að ná saman.

Hvað mætti betur fara?

- SSNE má ekki þróast í átt að þriðja stjórnsýslustiginu, lokað lítið stjórnsýslustig, þetta er þjónustusamfélag.
- Passa að ríkið sendi ekki verkefni til SSNE sem eiga að fara til sveitarfélaganna.
- Meiri fókus á atvinnuuppbyggingu, atvinnumálin og nýsköpunarverkefni.

- Þarf að setja truck í atvinnuþróun og ýta á eftir möguleikum í atvinnuuppbyggingu – gagnaver, nýta orkuna sem er að koma inn á svæðið.
- Atvinnumálin skipta miklu máli fyrir minni sveitarfélög þar sem hún er einsleitari.
- Norðurþing saknar áherslunnar sem var í atvinnuþróuninni, samtalsins við AP, og finnst tengingin frá sveitarfélaginu orðin lengri.
- Þarf að virkja starfsstöðina á Tröllaskaga þar sem er fólksfækkun, ná samtali við íbúana og svæðið.
- SSNE ætti að smíða samgöngustefnu fyrir svæðið, taka fyrir gangaumræðuna og tengingar á milli svæða – önnur landshlutasamtök eru að gera þetta. Þau hafa fastanefndir í samgöngumálum þar sem Vegagerðin tekur tillit til vilja þeirra við forgangsöröðun. Þyrfti að koma inn í sóknaráætlun.
- Þarf að vera leiðandi í að draga saman heildarhugsun fyrir svæðið, sérstaklega hvað varðar atvinnuuppbyggingu, nýtingu orku.
- Þarf að viðhalda vilja allra sveitarfélaga að vera með í samtökunum svo félagsskapurinn gliðni ekki í sundur. Frjáls aðild og sveitarfélög geta farið út ef þau finna sér ekki tilgang innan samtakanna.

Hópur 6

Eva Hrund Einarsdóttir, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Þórarinn Ingi Pétursson, Snorri Finnlaugsson, Sesselja Ingibjörg Barðdal Reynisdóttir og Vigdís Rún Jónsdóttir.

Helena Eydís Ingólfssdóttir var talsmaður hóps 6:

Erum við á réttri leið?

- Halda áfram á sömu braut.
- Hefur tekist vel hingað til.
- Sameiningin til góðs.

Hvað er vel gert?

- Ánægja með breytinguna.
- Gengið vel að samræma starfið innan SSNE – atvinnuþróunarfélögin hluti af landshlutasamtökum.
- Með samráðsvettvangi sveitarstjóra og fréttabréfi eru samtökin sýnilegri.
- Sterkari í hagsmunabaráttu í dag, m.a. vegna aukins samstarfs og samtals meðal sveitarstjóra.

Hverju viljum við breyta?

- 1/5 af SSNE kemur úr dreifbýli – tengist þá landbúnaði að stórum hluta.
- Nýta SSNE til að taka betur utan um atvinnugreinar sem eru til staðar á svæðinu. Tækju til varnar þegar þarf og hampa því sem vel er gert.
- Gera samtökin sýnilegri fyrir landshlutann og landið allt, eru orðin sýnilegri meðal kjörinna fulltrúa – starfsmenn gætu ferðast meira um svæðið.
- Er stefnan nægilega skýr í atvinnumálum? Hvernig fyrirtæki og verkefni í viljum laða inn á svæðið? Hvernig vinnum við að því? Halda þarf áfram með þessa umræðu á seinni þingum.

- Aukin samstaða um verkefni, t.d. Akureyrarflugvöllur til að ná árangri gagnvart ríkinu í að ná í fjármagn í verkefni á svæðinu.
- Sameiginleg loftslagsáætlun.
- Ekki bara draga úr kolefnislosun heldur auka líka kolefnisjöfnun – skógrækt, landgræðsla.

Hópur 7

Kristján Þór Magnússon, Eyþór Björnsson, Jónas Egilsson, Þorstinn Ægir Egilsson, Karen Nótt Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

Kristján Þór Magnússon var talsmaður hóps 7:

- Starfsemi SSNE fer vel af stað.
- Þing SSNE mikilvægur vettvangur til að efla samstarf sveitarfélaganna.
- Mikilvægt að halda góðu upplýsingaflæði - bæta úr praktískum atriðum eins og að senda fundarboð á varamenn í stjórn. Þeir geta þá átt frumkvæði að samtali við aðalmenn til þess að koma sjónarmiðum á framfæri.
- Halda uppi samtali á breiðum grunni, t.d. fundir með sveitarstjórum, og opna fundina enn frekar fyrir kjörnum fulltrúum.
- Auka vægi umhverfismála í starfsemi SSNE - skýr skilaboð til stjórnar.

Áskorun þegar sveitarfélög eru ekki með fulltrúa í stjórn þegar verið er að skipa í nefndir t.d. – ná að dekkja allt svæði.